

Krabbameinsfélag Íslands

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 14

Krabbameinsfélag Íslands
Kennitala 700169-2789
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var afkoma ársins 2019 kr. 37,6 milljónir í samanburði við kr. 51,9 milljónir árið 2018. Eigið fé félagsins í árslok 2019 var kr. 1.487,9 milljónir. Fjöldi ársverka á árinu voru 34.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun afkomu

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfunar á afkomu félagsins.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar sem braust út í byrjun árs 2020 kann að hafa áhrif á starfsemi félagsins. Stjórnendur eru að vinna að lágmörkun áhrifanna, en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg. Vísað er til nánari umfjöllunar um áhrif á rekstur og efnahag félagsins í skýringu nr. 16.

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík 5. maí 2020

Stjórn:

		
	<u>Valgerður Sigurðardóttir</u>	
		
<u>Arni Einarsson</u>		<u>Haldóra Björg Sævarsdóttir</u>
		
<u>Jón Þorkelsson</u>		<u>Kristín Halldórsdóttir</u>
		
<u>Sigríður Zoéga</u>		<u>Þorsteinn Pálsson</u>

Framkvæmdastjóri:



Halla Þorvaldsdóttir


Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Krabbameinsfélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning 2019 og ekkert athugunarvert fundið.

Reykjavík 25. maí 2020



Birna Guðmundsdóttir



Jón Auðunn Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 14/5 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ómar H. Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrartekjur			
Skoðanagjöld		0	167.127.750
Þjónustusamningur við ríkið		30.249.796	369.692.000
Fjáröflun		492.259.905	438.464.017
Ýmsar tekjur		82.435.942	102.533.417
	3	<u>604.945.643</u>	<u>1.077.817.184</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	297.618.040	427.611.081
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		3.421.453	92.365.975
Vörukaup		34.861.555	59.151.324
Upplýsingatækni		48.021.994	85.506.594
Húsnæðiskostnaður		25.944.454	58.022.081
Styrkir		70.343.609	66.847.030
Annar rekstrarkostnaður	6	96.776.726	176.677.310
Afskriftir	8	45.388.731	98.037.271
		<u>622.376.562</u>	<u>1.064.218.666</u>
Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(17.430.919)	13.598.518
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		55.826.265	38.744.613
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(800.288)	(471.838)
	5	<u>55.025.977</u>	<u>38.272.775</u>
Afkoma ársins		<u>37.595.058</u>	<u>51.871.293</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	2019	2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skógarhlíð 8		469.302.562	464.128.273
Rauðarárstígur 33		102.248.682	96.203.574
Áhóld, tæki og annar búnaður		44.723.994	54.695.633
	8	<u>616.275.238</u>	<u>615.027.480</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu		889.176.507	848.834.197
Innlánsreikningar		15.960.663	15.437.623
	7	<u>905.137.170</u>	<u>864.271.820</u>
Eignarhlutir			
Eignarhlutur í Leitarstöð Krabbameinsfélag ehf.	9	500.000	500.000
Fastafjármunir samtals		<u>1.521.912.408</u>	<u>1.479.799.300</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	53.563.165	109.395.606
Krafa á tengd félög		56.700.973	0
Aðrir veltufjármunir		7.098.369	2.698.117
Handbært fé	11	95.737.731	141.702.204
		<u>213.100.238</u>	<u>253.795.927</u>
Eignir samtals		<u>1.735.012.646</u>	<u>1.733.595.227</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2019	2018
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	12	1.487.887.885	1.450.292.827
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Langtímalán	13	0	3.603.694
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		107.636.415	124.585.293
Aðrar skammtímaskuldir		72.915.209	93.534.159
Skuld við tengd félög		66.573.137	61.267.636
Næsta árs afborgun langtímalána	13	0	311.618
	14	<u>247.124.761</u>	<u>279.698.706</u>
Skuldir samtals		247.124.761	283.302.400
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.735.012.646</u>	<u>1.733.595.227</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		37.595.058	51.871.293
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	45.388.731	98.037.271
Óinnleystur hagnaður verðbréfa og aðrar reiknaðar tekjur/gjöld		<u>(60.865.350)</u>	<u>(32.556.996)</u>
		22.118.439	117.351.568
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(5.268.784)	(54.597.948)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(32.573.945)</u>	<u>(109.503.902)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(15.724.290)	(46.750.282)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(46.636.489)	(32.492.875)
Fjárfestingar í eignastýringu (aukning) / úttekt		20.000.000	30.000.000
Fjárfesting í félögum	9	0	(500.000)
		<u>(26.636.489)</u>	<u>(2.992.875)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(3.603.694)	(291.529)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(45.964.473)	(50.034.686)
Handbært fé í byrjun árs		<u>141.702.204</u>	<u>191.736.890</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>95.737.731</u></u>	<u><u>141.702.204</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Krabbameinsfélag Íslands hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

Krabbameinsfélag Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar mögulegt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Frá ársbyrjun 2019 eru skoðanagjöld ekki innheimt af Krabbameinsfélagi Íslands. Leitarstöð Krabbameinsfélag ehf. var stofnuð árið 2018 og frá og með ársbyrjun innheimtir það félag skoðanagjöld.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2019	2018
Laun	422.934.233	352.800.599
Launatengd gjöld	81.159.475	74.810.482
Hluti Leitarstöðvar Krabbameinsfélag ehf. í launakostnaði	(206.475.668)	0
	<u>297.618.040</u>	<u>427.611.081</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins um 27 í 34 stöðugildum, samanborið við 57 starfsmenn í 43 stöðugildum árið áður. Laun stjórnenda námu 69 milljón króna á árinu, en um 94 milljónum króna árið áður. Stjórn þiggur almennt ekki laun fyrir störf sín, en vegna sérstakra aðstæðna fékk einn stjórnarmaður greitt kr. 201.730 í laun og útlagðan kostnað á síðasta ári.

Hluti launakostnaðar ársins er endurrukkaður til Leitarstöðvar Krabbameinsfélag ehf.

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Tekjur af fjáreignum

Fjáreignir eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjáreignanna færir félagið með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum félagsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum félagsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Arðstekjur eignastýringar: eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) frh.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskum krónum á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:	2019	2018
Rekstur velunnarakerfis	46.009.522	33.176.396
Aðkeypt þjónusta	35.507.710	30.203.740
Kostnaður og viðhald áhaldna og tækja	2.775.119	5.602.571
Skrifstofukostnaður	68.854.249	84.112.157
Starfsmannakostnaður	13.777.210	11.946.451
Mötuneytiskostnaður	10.207.005	10.113.107
Afskriftir og niðurfærsla krafna	2.189.337	180.652
Annar kostnaður	907.805	1.342.236
Hluti Leitarstöðvar Krabbameinsfélag ehf. í öðrum rekstrarkostnaði	(83.451.231)	0
	<u>96.776.726</u>	<u>176.677.310</u>

7. Fjáreignir í verðbréfum

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum félagsins, Íslandsbanka og Arion banka.

Í efnahagsreikningi flokkast fjáreignir í tvennt: Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu og innlánsreikninga.

Fjáreignir sundurliðast þannig:	2019	2018
Innlend hlutabréf	23.126.151	9.739.510
Erlend hlutabréf	4.129.307	4.800.553
Skuldabréf	645.359.748	600.678.744
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða	178.317.350	202.185.727
Innlánsreikningar	54.204.614	46.867.286
	<u>905.137.170</u>	<u>864.271.820</u>

Innlánsreikningar í eignastýringu

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjárssjóðir í eignastýringu.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði eru færðir upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspeglar gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

Skýringar

7. Fjáreignir í verðbréfum frh.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættuþáttur félagsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar í skýringu 15.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Skógarhlíð 8	Rauðararstígur 33	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2018:				
Bókfært verð í ársbyrjun	476.736.198	86.734.671	117.101.007	680.571.876
Viðbót ársins	3.827.533	11.886.636	16.778.706	32.492.875
Afskriftir	(16.435.458)	(2.417.733)	(79.184.080)	(98.037.271)
Bókfært verð í árslok	464.128.273	96.203.574	54.695.633	615.027.480
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	715.252.526	112.533.901	437.007.288	1.264.793.715
Afskrifað samtals	(251.124.253)	(16.330.327)	(382.311.655)	(649.766.235)
Bókfært verð í árslok	464.128.273	96.203.574	54.695.633	615.027.480
Árslok 2019:				
Bókfært verð í ársbyrjun	464.128.273	96.203.574	54.695.633	615.027.480
Viðbót ársins	21.758.766	8.804.261	16.073.462	46.636.489
Afskriftir	(16.584.477)	(2.759.153)	(26.045.101)	(45.388.731)
Bókfært verð í árslok	469.302.562	102.248.682	44.723.994	616.275.238
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	737.011.292	121.338.162	453.080.750	1.311.430.204
Afskrifað samtals	(267.708.730)	(19.089.480)	(408.356.756)	(695.154.966)
Bókfært verð í árslok	469.302.562	102.248.682	44.723.994	616.275.238

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-40 ár
Áhöld og bifreiðar	3-8 ár

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2019 voru eftirtaldar:	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 8	581.527.500	101.235.000	715.402.500	469.302.562
Rauðarárstígur 33	304.090.000	45.510.000	219.040.000	102.248.682
	<u>885.617.500</u>	<u>146.745.000</u>	<u>934.442.500</u>	<u>571.551.244</u>

Engar veðsetningar voru á eignum félagsins í árslok þar sem á árinu 2019 greiddi félagið upp langtímalán.

9. Eignarhlutur í félögum

Krabbameinsfélag Íslands stofnaði 2018 sérstakt félag um rekstur leitarstarfs þ.m.t sérskoðana, frumurannsóknarstofu ásamt stjórnstöð leitar og fékk það félag nafnið Leitarstöð Krabbameinsfélag ehf. Markmið með stofnun félagsins er að skerpa enn frekar á aðskilnaði frá öðru starfi Krabbameinsfélags Íslands og hóf félagið rekstur í ársbyrjun 2019 en á árinu 2018 er reksturinn að fullu undir Krabbameinsfélagi Íslands en í sérstökum deildum eins og áður. Leitarstöð Krabbameinsfélag ehf. er 100% í eigu Krabbameinsfélags Íslands.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2019	2018
Viðskiptakröfur	56.470.676	111.086.006
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.907.511)	(1.690.400)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>53.563.165</u>	<u>109.395.606</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

11. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtimaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

12. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	2019	2018
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári	1.450.292.827	1.398.421.534
Afkoma ársins	37.595.058	51.871.293
	<u>1.487.887.885</u>	<u>1.450.292.827</u>

13. Langtímaskuldir

	2019	2018
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir	0	3.915.312

Skýringar

14. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir greinast þannig:	2019	2018
Skuld við lánardrottna	107.636.415	123.951.913
Skuld við tengd félög	66.573.137	50.000.000
Áunnið orlof	50.889.114	44.509.855
Ógreiddur kostnaður	22.026.095	49.024.304
Skuld við Sjúkrtryggingar Íslands	0	11.901.016
Næsta árs afborgun langtímaskulda	0	311.618
Skammtímaskuldir	<u>247.124.761</u>	<u>279.698.706</u>

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættuþættir sem tengjast varðveislu og ávöxtun fjáreigna Krabbameinsfélags Íslands eru helst vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur félagsins í varðveislu fjáreigna telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu félagsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur félagið tryggt fjölbreytni varkárni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja félagsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Í árslok 2019 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Arion banki	Íslandsbanki
Innlán - peningamarkaðsinnlán	5,2%	3,2%
Skuldabréf	84,0%	89,8%
Hlutabréf	10,8%	6,9%
- þar af innlend hlutabréf	4,7%	1,7%
- þar af erlend hlutabréf	6,1%	5,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í herra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um 37 milljónir króna.

Skýringar

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun frh.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins og framvirkra afleiða á hlutabréf.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði skuldabréfa þýðir breyting á eignasafninu um 4 milljónir króna.

Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufæði fjármálagerninga vegna breytinga á gengi gjaldmiðla

Félagið fjárfestir í erlendum gjaldmiðlum auk þess sem félagið er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum og sjóðum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerninganna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunar þýðir breyting á eignasafninu um 4,5 milljónir króna.

16. Atburðir eftir lok reikingskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla COVID-19 veirunnar haft víðtæk áhrif á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort áhrifa muni gæta til lengri eða skemmri tíma en við teljum að áhrifa muni helst gæta varðandi möguleika félagsins til fjáröflunar. Reiknað er með að hún verði nokkuð erfiðari vegna óvissu og fjárhagslegra erfiðleika fyrirtækja og í minna mæli einstaklinga. Í heild metum við að áhrif verði væg á rekstur félagsins og félagið hafi fjárhagslegan styrk til að mæta áhrifum COVID-19 án neikvæðra áhrifa á starfsemi félagsins.